



Stofnanir í heilbrigðisþjónustu
Fagfélög heilbrigðisstétta

Seltjarnarnes, 17. febrúar 2009
2009010269/45.01/ABA/LST/hp

Dreifibréf Landlæknisembættisins Nr. 1/2009

Efni: Tilkynningaskylda til landlæknis um rekstur heilbrigðisþjónustu.

Í dreifibréfi landlæknis, nr. 4/2008, var vakin athygli á því að þeir sem hefja rekstur heilbrigðisþjónustu þurfa að tilkynna það til landlæknis, sbr. [lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007](#) og [lög um landlækni nr. 41/2007](#).

Landlæknir vill vekja athygli á því að *einnig er kveðið á um í lögnum að skylt er að tilkynna landlækni ef meiri háttar breytingar verða á mönnun, búnaði, starfsemi og þjónustu rekstraraðila. Sé rekstri heilbrigðisþjónustu hætt skal tilkynna landlækni um það. Bent er á að upplýsingar um tilkynninguna og eyðublöð má nálgast á vefsetri Landlæknisembættisins (<http://www.landlaeknir.is/pages/1330>).*

Ljóst er að vegna efnahagsörðugleika eru auknar líkur á að breytingar verði á starfsemi í heilbrigðisþjónustu og þess vegna vill landlæknir vekja athygli á þessari tilkynningaskyldu.

Landlæknir

Afrit: Heilbrigðisráðuneytið, Sjúkratryggingar Íslands.